

Fimmtudaginn 17. desember 1970.

Nr. 241/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Matthías Ólafi Gestssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Loqi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Ármann Snævarr og Þór Vilhjálmsson.

Ömerking. Frávisun ákæru. Mistök í dómsýslu.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 16. janúar 1967 ritaði Ásmundur S. Jóhannsson, hér-
aðsdómslögmaður á Akureyri, sem einnig er aðalfulltrúi
bæjarfógetans á Akureyri, ákærða bréf, þar sem segir meðal
annars: „Að beiðni Ljósmyndarafélags Íslands leyfi ég mér
að senda yður bréf þetta og um leið að túlka fyrir yður, hvað
félagið með vísan til viðeigandi laga og reglugerða telur
vera ljósmyndaiðn. . . . Félagið vill að lokum taka fram,
að þar sem það hefur rökstuddan grun um það, að þér
stundið ljósmyndatökur og vinnið að myndagerð gegn gjaldi,
þá muni það fyrir hönd ljósmyndara hér á Akureyri, sem
iðnréttindi hafa, gæta þeirra hagsmuna og framfylgja þeirra
rétti samkvæmt lögum og reglugerðum um iðnfræðslu með
því að hefta slíka starfsemi, sem það telur ólöglega. Eftir
atvikum með verkbönnnum eða beiðni til yfirvalda um rann-
sókn á starfseminni. Erindi þessu hefi ég verið beðinn að
koma á framfæri . . .“. Bréfi þessu svaraði ákærði með bréfi
19. s. m. Síðar hélt Ásmundur að eigin sögn fund með
ákærða og iðnlærðum ljósmyndurum á Akureyri um mál
þetta. Hinn 8. nóvember 1967 ritaði bæjarfógetinn á Akur-
eyri bréf til Sjálfstæðishússins á Akureyri, en bréf þetta er
talið undirritað af Ásmundi S. Jóhannssyni aðalfulltrúa. Í
bréfi þessu segir svo: „Tilfnið er það, að Matthías Gestsson,
Holtagötu 5, Akureyri, hefur síðan í s.l. desembermánuði

stundað ljósmyndun í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, er starfsemi þessi ólögleg, og er hér með lagt fyrir yður að hefta þessa starfsemi, meðan hið ólöglega ástand varir“.

Hinn 13. febrúar 1969 setti Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, sakadóm Akureyrar. Samkvæmt endurriti af þingbókinni segir, að tekið hafi verið fyrir: „Að rannsaka kæru ljósmyndara á Akureyri á hendur Matthíasi Gestssyni um brot á lögum um iðnfræðslu og lögum um iðju og iðnað“. Ekki var í þinghaldi þessu lögð fram skrifleg kæra, en fyrir dóm komu þrír iðnlærðir ljósmyndarar á Akureyri. Kveða vitni þessi ákærða „enn starfa að ljósmyndun einn og hafa opna stofu í Skipagötu 12, Akureyri“. Enn þingaði aðalfulltrúinn í máli þessu 19. marz 1969, og kom þá eitt vitni fyrir dóm. Þá þingaði sami fulltrúi í málinu 21. marz, 2. apríl og 22. maí 1969, og voru þá teknar skýrslur af ákærða og einu vitni. Málið var síðan sent saksóknara ríkisins til ákvörðunar. Á grundvelli rannsóknar þessarar gaf saksóknari ríkisins út ákæru á hendur ákærða 28. júlí 1969, og var ákærði talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. tl. 2. mgr. 27. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, sbr. 2. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 143/1967. Málið var síðan þingfest í sakadómi Akureyrar 12. ágúst 1969, og stýrði Ásmundur S. Jóhannsson aðalfulltrúi þinghaldinu. Kom ákærði þá fyrir dóm, og voru honum kynnt ákæran og gögn málsins. Enn þingaði aðalfulltrúinn í málinu 26. ágúst 1969, og kom ákærði þá fyrir dóm. Næst kom mál þetta fyrir dóm 29. október 1969, og stýrði Ólafur Birgir Árnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, því þinghaldi. Var málið þá dómtekið og dómur uppkveðinn af þeim fulltrúa 31. október 1969.

Þegar lítið er til framangreindra afskipta Ásmundar S. Jóhannssonar aðalfulltrúa af sakarefni þessu, áður en það kom til kasta dómstóla, þá verður að telja, að honum hafi verið óheimilt að þinga í málinu, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 5. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ákæran í málinu var því reist á rannsókn, sem, eins og á stóð, full-

nægði ekki skilyrðum laga. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærinni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Svo sem að framan hefur verið rakið, hafði Ásmundur S. Jóhannsson aðalfulltrúi afskipti af sakarefni þessu sem lögmaður, áður en það kom til rannsóknar. Var því fjarri lagi, að hann gegndi dómarastörfum í málinu, og ber að víta hann fyrir þau mistök í dómsýslu. Þá athugast, að ekki verður séð, að aðalfulltrúinn hafi við frumrannsókn málsins gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Akureyrar 31. október 1969.

Mál þetta, er dómtekið var hinn 29. október 1969, er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 28. júlí 1969, gegn Matthíasi Gestssyni kennara, Holtagötu 5, Akureyri, fyrir iðnlagabrot „með því að hafa frá s.l. áramótum og fram til þessa rekið án iðnréttinda ljósmyndastofu að Skipagötu 12 á Akureyri undir nafninu Myndver, þar sem ákærði hefur á sama tímabili að öllu leyti sjálfstætt tekið að sér og unnið að hvers konar ljósmyndatöku og ljósmyndagerð gegn gjaldtöku.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. tl. 2. mgr. 27. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, sbr. 2. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 143/1967. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er fæddur 14. júlí 1937 á Siglufirði og hefur hvorki sætt kærnum né refsingum, svo að kunnugt sé.

Hinn 13. febrúar 1969 lögðu þeir ljósmyndarar á Akureyri, þeir Eðvarð Sigurgeirsson, Sigurður Stefánsson og Páll A. Pálsson, fram kæru á hendur Matthíasi Gestssyni, þar sem þeir kveða hann starfa einan að ljósmyndun, án tilsagnar og eftirlits meistara síns í iðninni, að Skipagötu 12 hér í bæ.

Jónas Hallgrímsson ljósmyndari hefur borið vitni í máli þessu. Segir hann, að ákærði hafi verið á námssamningi hjá sér frá 18. desember 1967 til 27. janúar 1969, en þá hafi hann sagt upp samningnum við ákærða, þar eð hann, þ. e. ákærði, hafi ekki tekið tillit til hans, þannig að ákærði hafi starfað einn á ljósmyndastofu í Skipagötu 12, Akureyri, og tekið að sér verkefni sjálfstætt fyrir þóknun. Ákærði hafi m. a. farið í ljósmyndaferðalög til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og auglýst undir nafni vitnisins og sínu eigin og hafi ákærði hirt einn allan afrakstur. Einnig segir vitnið, að ákærði hafi sölsað undir sig sameiginleg verkefni, svo sem gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla, en hafi boðizt til að greiða vitninu tímakaup fyrir aðstoðarvinnu.

Ákærði hefur skýrt svo frá atvikum fyrir dómi 2. apríl 1969, að hann hafi gert námssamning við Elías Hannesson ljósmyndara, Flókagötu 45, Reykjavík, haustið 1966. Seint í desember sama ár hafi hann svo ráðizt sem myndatökumaður við Sjálfstæðishúsið á Akureyri. Segir ákærði, að ljósmyndarar á Akureyri hafi strax farið að amast við sér.

Elías Hannesson hafi síðan fengið tilkynningu iðnfræðsluráðs um, að samningi hans og ákærða væri hafnað.

Ákærði kveðst síðan hafa gert námssamning við Jónas Hallgrímsson ljósmyndara í desember 1967. Síðan hafi það gerzt, að hinn 13. eða 14. febrúar 1969 hafi Guðmundur Gunnarsson iðnfulltrúi fært sér bréf, sem innihélt fulltrúaeintak námssamnings ákærða og Jónasar Hallgrímssonar. Hafi iðnfulltrúinn þá verið búinn að rita á námssamninginn og kveðist slíta honum að ósk meistara ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa unnið sjálfstætt að verkefnum án tilsagnar Jónasar Hallgrímssonar í fyrirtækinu Myndveri, sem þeir hafi stofnað saman. Einnig að hafa farið einn í ljósmyndaferðalag til Ólafsfjarðar og Dalvíkur, en hann og Jónas hafi farið saman til Siglufjarðar. Segir ákærði, að hann hafi lokið gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla, þar eð meistari hans hafi ekki getað unnið að því sakir óreglu. Ákærði segir, að firmað Myndver starfi enn og hafi hann verið þar einn frá s.l. áramótum.

Málið fór nú fyrir Iðnráð Akureyrar. Í bréfi, dags. 20. september 1969, telur iðnráðið, að ákærði hafi brotið iðnlöggjöfina með því að standa fyrir verki sjálfstætt, sem þó sé meistarans eins. Telur iðnráð þetta koma fram í vætti ákærða sjálfs, en álitserð þessa byggi iðnráð eingöngu á endurriti úr sakadómsbók bæjarfógetaembættisins á Akureyri.

Enn fremur sé brot ákærða fólgið í því að hafa vanrækt námið með því að fara ekki á ljósmyndaranámskeið í Reykjavík, sbr. 36. gr. iðnfræðslulaga nr. 68/1966.

Þann 12. ágúst 1969 sagði ákærði fyrir dómi, að verkefni þau, sem hann starfaði að í fyrirtæki sínu, Myndveri, væru ljósmyndun, þ. e. taka mynda og gerð þeirra, endurnýjun gamalla mynda, litun mynda og einnig teikning og kvikmyndagerð gegn gjaldtöku.

Er málið var dómtekið þann 29. október s.l., skilaði ákærði vörn í málinu og krafðist þess, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og tildæmd hæfileg ómakslaun úr ríkissjóði. Til vara krafðist hann þess, að refsing á hendur honum verði felld niður og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði. Segir ákærði í vörn sinni, að hann hafi stofnað firmað Myndver á Akureyri og það hafi verið rekið á hans ábyrgð fjárhagslega. Hafi hann ráðið Jónas Hallgrímsson sem faglegan stjórnanda og eftirlitsmann með starfseminni, en hann hafi áður gert iðnnámssamning við nefndan Jónas, og hafi ákærði unnið sem iðnnemi að starfseminni auk þess að vera framkvæmdastjóri Myndvers. Segir ákærði, að sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafi honum verið rétt að taka við verkefnum í þágu þess og áskilja sér þóknun fyrir.

Á sýknukröfu ákærða verður ekki fallist, þar sem sannað er af framburði hans sjálfs og framburði Jónasar Hallgrímssonar, að ákærði stundaði sjálfstætt í atvinnuskyni ljósmyndatöku og ljósmyndagerð án iðnréttinda.

Þykir ákærði því hafa gerzt brotlegur gegn ákvæðum þeim, er í ákæru greinir. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 18/1927 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.500.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Gestsson, greiði 1.500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. desember 1970.

Nr. 88/1970. **Flugstöðin h/f**

gegn

Sólrúnu Hafsteinsdóttur persónulega og vegna ófjárráða dóttur sinnar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 57/1962, að veita aðiljum færi á því að afla eftirtalinna gagna:

1. Álitsgerðar dómkvaddra manna, sérfróðra um loftsiglingar og veðurfræði, um það, hvort ógætilegt hafi verið, að flugvélin TF-DGF færi ferð þá til Ísafjarðar, sem í málinu greinir, þegar gætt er flugkunnáttu og reynslu flugmannsins, flugtímans, upplýsinga um veður og veðurhorfur á flugleiðinni, þess, að fjarskiptastöð á Ísafirði var ekki opin og annars þess, sem máli kann að skipta um ákvörðun um ferðina og undirbúning hennar.

Ef svo er talið, skal greina, hverju hafi verið áfátt, hverju máli þau atriði hafi skipt um flugslysið og hvort